



Reykjavík, 24. mars 2022

IE21100014

3.3.2

HS/JSJ/KV

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
Helgi Grímsson, sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Niðurstöður úttektar á sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum

Innri endurskoðun hefur lokið úttekt á sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum sem hófst í nóvember 2021 samkvæmt endurskoðunaráætlun. Markmið úttektar var að kanna hlítni við samninga og skoða hvort fjármunum væri veitt í samræmi við þjónustusamninga skóla- og frístundasviðs við skólana, jafnframt því að yfirfara fyrirkomulag greiðslu rekstrarframlags, umsýslu, eftirfylgni og virkni innra eftirlits.

Stjórnendur hafa rýnt niðurstöður verkefnisins og sett fram sín viðbrögð. Niðurstöður verkefnis eru gefnar út í tvennu lagi; annars vegar er skýrsla til sviðsstjóra og hins vegar er samantekt og útdráttur helstu atriða sem gert verður aðgengilegt á heimasíðu Innri endurskoðunar og ráðgjafar.

Helstu niðurstöður verða kynntar endurskoðunarnefnd á næsta fundi hennar þann 28. mars nk. í samræmi við hlutverk nefndarinnar og hér með er óskað eftir því að kynna þær fyrir skóla- og frístundaráði á næsta fundi ráðsins.

Virðingarfyllst,

Hallur Símonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar, lokaskýrsla, dags. mars 2022

Samantekt á niðurstöðum, dags. mars 2022

Afrit:

Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs

Sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar

Meginþættir

- » Afmörkun
- » Umfang
- » Helstu niðurstöður
- » Viðbrögð stjórnenda

**Grunnskólar framlag 1,3 ma.kr.
Hámarksfjöldi 801**

**Leikskólar framlag 3,2 ma.kr.
Hámarksfjöldi 1.500**

Úttekt á sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum hófst í nóvember 2021 í samræmi við endurskoðunaráætlun. Markmið úttektar var að kanna hlítni við samninga og skoða hvort fjármunum sé veitt í samræmi við þjónustusamninga skóla- og frístundasviðs við skólana, auk þess að yfirfara fyrirkomulag greiðslu rekstrarframlags, umsýslu, eftirfylgni og virkni innra eftirlits.

Afmörkun

Afmörkun úttektar miðaðist við fjárhagslega hlið samninga, forsendur og skilyrði til greiðslu rekstrarframlags. Ytra og innra mat á sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum í samræmi við leikskóla- og grunnskólaálög var utan afmörkunar.

Skoðunaratriði voru:

- » Skilyrði rekstrarframlags og eftirfylgni
- » Gjaldtaka grunn- og leikskóla
- » Hámarksfjöldi nemenda, lögheimili og vistunartími barna
- » Skil á ársskýrslum, rýni SFS á rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu
- » Færslugreining
- » Árlegt eftirlit af hálfu SFS

Umfang og lykiltölur

Í Reykjavík eru sex sjálfstætt starfandi grunnskólar og sautján sjálfstætt starfandi leikskólar, auk þess sem tveir grunnskólar reka fimm ára deildir á leikskólastigi. Árið 2021 nam rekstrarframlag til sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla 4,5 ma.kr., þar af var rekstrarframlag til leikskóla 3,2 ma.kr. og 1,3 ma.kr. til grunnskóla. Samkvæmt þjónustusamningum greiðir Reykjavíkurborg framlag með að hámarki 798 grunnskólanemum og um 1.500 leikskólanemum. Meðalfjöldi nemenda í sjálfstætt starfandi grunnskólum skólaárið 2020-21 var 682, eða 85% af leyflegum hámarksfjölda. Meðalfjöldi barna í sjálfstætt starfandi leikskólum tímabilið janúar – október 2021 var 1.169 eða tæplega 80% af leyflegum hámarksfjölda.

Helstu niðurstöður

- » Alvarlegar athugasemdir voru settar fram í tengslum við rýni ársreikninga, einkum hjá sjálfstætt starfandi leikskólum. Margir sjálfstætt starfandi leikskólar eru í eigu eins eða tveggja aðila sem jafnframt starfa sem stjórnendur við skólann. Hjá nokkrum skólum er greiddur út umtalsverður arður til eigenda sem jafnframt eru á launaskrá hjá leikskólanum. Engar kvaðir eru af hálfu Reykjavíkurborgar um arðgreiðslur. Bent er á að svikemisáhætta er nokkur í rekstri leikskóla, einkum þar sem hagsmunir eigenda og rekstraraðila skarast. Orðsporsáhætta er mikil hjá Reykjavíkurborg ef rekstur sjálfstætt starfandi skóla samræmist ekki meðferð á opinberu fé.



Mars 2022
Innri endurskoðun
og ráðgjöf

IE21100014

Sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar

Fimm áhættumetnar ábendingar og þrjár tillögur

- » Umsjón, eftirlit og eftirfylgni með rekstrarframlagi til sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla fer fram á miðlægri skrifstofu SFS. Mánaðarlegt rekstrarframlag til grunnskóla er reiknað út af Hagstofu Íslands og framlag til leikskóla er reiknað út í leikskólakerfinu Völu, þar sem mismunandi breytur um fjölda nemenda, vistunartíma og faggildi starfsmanna eru færðar inn mánaðarlega. Samkeyrsla við þjóðskrá til að sannreyna lögheimili nemenda fer fram reglulega. IER gerir engar athugasemdir við framkvæmd og eftirlit með rekstrarframlögum til sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla.
- » Fimm ábendingar eru settar fram, ein á rauðu áhættustigi og fjórar á appelsínugulu, og varða þær einkum gjaldskrá leikskóla, rýni ársreikninga og skort á viðmiðum og viðbrögðum ef leik- eða grunnskóli er ekki rekstrar- eða gjaldhæfur.
- » Skilyrði um hámarksgjaldskrá leikskóla eru sett í samninga. Skoðun leiddi í ljós að sjö leikskólar eru með frávík frá heimilaðri hámarksgjaldskrá og fer IER fram á að SFS athugi með frekari málsmeðferð vegna þeirra frávika.
- » Fjárhagsstaða sjálfstætt starfandi grunnskóla er yfirleitt sterk og rekstur hefur skilað viðvarandi hagnaði. Í þjónustusamningi eru ákvæði um að sá hluti rekstrarafgangs sem rekja má til opinberra framlaga skuli nýttur til að efla skólastarfið og skýrt skuli frá hvernig það mat fari fram. Engan röksuðning um slíkt er að finna í ársreikningum grunnskólanna, né liggja fyrir leiðbeiningar um hvernig meta skuli þann hluta rekstrarafgangs sem rekja má til opinberra framlaga.

Viðbrögð stjórnenda

Stjórnendur hafa skráð inn viðbrögð við ábendingum og aðgerðaáætlun. Í nokkrum tilfellum er vísað til starfshóps um mótun stefnu og heildstæða nálgun um sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla til að fjalla um og taka afstöðu til ábendinga IER í sinni vinnu. Starfstímabil hópsins er til 15. apríl 2022.



Hallur Símonarson,
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar



Mars 2022
Innri endurskoðun
og ráðgjöf

IE21100014



Sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar

Mars 2022
Innri endurskoðun og ráðgjöf

IE21100014



Innri endurskoðun og ráðgjöf
Guðrúnartúni 1 | 105 Reykjavík

innriendurskodun.is
innriendurskodun@reykjavik.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Helstu niðurstöður	5
3. Yfirlit yfir ábendingar og tillögur IER og viðbrögð stjórnenda	6
4. Sjálfstætt starfandi grunnskólar	9
4.1 Rekstrarframlag og eftirfylgni	10
4.2 Gjaldtaka sjálfstætt starfandi grunnskóla	12
4.3 Hámarksfjöldi nemenda — lögheimili og eftirfylgni	14
4.4 Skil á ársskýrslu og rýni SFS á rekstrarhæfni og fjárhagsstöðu	15
4.5 Árlegt eftirlit af hálfu SFS	19
5. Sjálfstætt starfandi leikskólar	20
5.1 Skilyrði framlags og eftirfylgni	21
5.2 Hámarksfjöldi barna	21
5.3 Framkvæmd og eftirlit með rekstrarframlagi — leikskólakerfið Vala	22
5.4 Færslugreining í Unit4 bókhaldskerfi	24
5.5 Gjaldskrár sjálfstætt starfandi leikskóla	26
5.6 Skil á ársreikningi og rýni SFS á rekstrarhæfni og fjárhagsstöðu	29
5.7 Árlegt eftirlit af hálfu SFS	35
6. Viðauki — Áhættuflokkun ábendinga IER	37

1. Inngangur

Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER) veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur Reykjavíkurborgar. IER heyrir undir borgarráð en innri endurskoðandi nýtur faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnslu borgarinnar, þar með talið borgarstjóra. IER fylgir í starfsemi sinni alþjóðlegum ramma um innri endurskoðun sem Alþjóðasamtök innri endurskoðenda gefa út.

Í gildandi endurskoðunaráætlun, sem samþykkt var á fundi endurskoðunarnefndar þann 8. janúar 2020, var gert ráð fyrir úttekt á sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum. Afmörkun úttektar miðast við að kanna hlítni við samninga og skoða hvort fjármunum sé veitt í samræmi við samning og hvernig eftirlitinu er háttað. Skóla- og frístundasvið (SFS) greiðir sjálfstætt starfandi grunn- og leikskólum rekstrarframlag vegna nemenda sem þar stunda nám í samræmi við þjónustusamninga sem gerðir eru við skólana og grundvallast þær greiðslur á upplýsingum frá skólunum um fjölda nemenda, aldur og lögheimilisbúsetu í Reykjavík.

Í Reykjavíkurborg eru sex sjálfstætt starfandi grunnskólar og sautján sjálfstætt starfandi leikskólar, auk þess sem tveir grunnskólar reka fimm ára

deildir á leikskólastigi. Árið 2021 nam rekstrarframlag til sjálfstætt starfandi grunn- og leikskóla 4,5 ma.kr., þar af var rekstrarframlag til leikskóla 2,9 ma.kr. auk húsnæðisframlags 311 m.kr. Samkvæmt þjónustusamningum greiðir Reykjavíkurborg framlag með að hámarki 798 grunnskólanema og um 1.500 leikskólanema.

Borgarráð eða fagráð geta gert þjónustusamninga við lögaðila um þjónustu sem telst grunnþjónusta borgarinnar eða þjónustu sem borgin myndi ella veita sjálf vegna stefnu í málaflokknum. Þjónustusamninga má gera mest til þriggja ára í senn. Þjónustusamningar sem standa lengur en til fjárhagsársins skulu bornir undir borgarráð til samþykktar áður en þeir eru staðfestir.

SFS gerir þjónustusamninga við sjálfstætt starfandi grunn- og leikskóla þar sem tiltekinn er hámarksfjöldi nemenda sem greitt er rekstrarframlag með. Samningar við grunnskóla annars vegar og leikskóla hins vegar eru samhljóma. Samningar við sjálfstætt starfandi grunnskóla gilda til 10. júní 2022. Samningar við sjálfstætt starfandi leikskóla giltu til hausts 2021 en hafa verið framlengdir með viðauka og gilda til 30. júní 2022.

2. Helstu niðurstöður

Settar eru fram alvarlegar athugasemdir í tengslum við rýni ársreikninga einkum hjá sjálfstætt starfandi leikskólum. Sjálfstætt starfandi leikskólar eru oft í eigu eins eða tveggja aðila sem jafnframt starfa sem stjórnendur við skólann. Rekstur margra sjálfstætt starfandi leikskóla er arðbær og hjá nokkrum leikskólum er greiddur út umtalsverður arður til eigenda sem jafnframt eru á launaskrá hjá leikskólanum. Engar kvaðir af hálfu Reykjavíkurborgar eru um arðgreiðslur eða hvernig rekstrarafgangur sem rekja má til opinberra framlaga skuli nýttur. Vaxandi skuldasöfnun, einkum ef um er að ræða opinber gjöld er áhyggjuefni. Þá er bent á að svikemisáhætta er nokkur í rekstri leikskóla, einkum sú áhætta að blanda persónulegum kostnaði eigenda við rekstur. Auka þarf gagnsæi á helstu-lykiltölur úr rekstri skólanna og bæta framsetningu ársreikninga. Hjá Reykjavíkurborg er um mikla orðsporsáhættu að ræða ef rekstur sjálfstætt starfandi skóla samræmist ekki meðferð á opinberu fé. Í samningum við sjálfstætt starfandi leikskóla er skilgreind hámarksheimild á gjaldskrá leikskólanna. Við skoðun kom í ljós að sjö leikskólar eru með frávík frá heimilaðri hámarksgjaldskrá.

Fjárhagsstaða sjálfstætt starfandi grunnskóla er yfirleitt sterk og rekstur hefur skilað viðvarandi hagnaði. Í þjónustusamningi eru ákvæði um að sá hluti rekstrarafgangs sem rekja má til opinberra framlaga skuli nýttur

til að efla skólastarfið og skýrt skuli frá hvernig það mat fari fram. Engan rökstuðning um slíkt var að finna í ársreikningum grunnskólanna, né heldur liggja fyrir leiðbeiningar um hvernig meta skuli þann hluta rekstrarafgangs sem rekja má til opinberra framlaga.

Umsjón, eftirlit og eftirfylgni með rekstrarframlagi til sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla fer fram á miðlægri skrifstofu SFS. Reykjavíkurborg er með þjónustusamning við sex sjálfstætt starfandi grunnskóla og er notast við excel-skjal sem veitir heildstæða yfirsýn yfir greiðslu framlaga og fjölda nemenda allt skólaárið. Mánaðarlegt rekstrarframlag er reiknað út af Hagstofu Íslands. Reykjavíkurborg er með þjónustusamning við sautján sjálfstætt starfandi leikskóla. Leikskólakerfið Vala sér um að reikna út framlag til þeirra og eru breytur um fjölda nemenda og faggildi færð inn mánaðarlega. Samkeyrsla við þjóðskrá til að sannreyna lögheimili er framkvæmd reglulega. IER gerir engar athugasemdir við framkvæmd og eftirlit með rekstrarframlögum til sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla.

Settar voru fram fimm ábendingar þar af ein á rauðu áhættustigi og fjórar á appelsínugulu áhættustigi auk þriggja tillagna. Ábendingarnar varða einkum gjaldskrá leikskóla, rýni ársreikninga og skort á viðmiðum og viðbrögðum ef leik- eða grunnskóli er ekki rekstrarhæfur.

3. Yfirlit yfir ábendingar og tillögur IER og viðbrögð stjórnenda

Ábendingum IER er skipt upp í þrjú stig eftir alvarleika þeirra, sjá áhættuflokkun í viðauka. Áhættustigi ábendinga fylgir viðeigandi viðbragðstími stjórnenda. Í þeim tilvikum sem IER metur að innra eftirlit sé viðunandi en greinir tækifæri til að gera betur er vakin athygli á slíku með tillögu. Tillögur IER geta varðað t.d. umbætur á verklagi, skilvirkni, rekstrarlegt hagræði, vandaðra verklag eða stjórnsýslu. Tillögur hafa ekki áhættuflokkun og er ekki fylgt eftir af hálfu IER.

Nr	Ábending IER	Viðbrögð stjórnenda Tímasett aðgerðaáætlun	Áhættuflokkun
1 bls. 15	Setja verður skýr viðmið og leiðbeiningar um rýni ársreikninga og viðbrögð SFS ef grunnskólinn er með neikvætt eigið fé og óviðunandi rekstrar- og gjaldhæfi. Þá þarf að liggja fyrir hvernig meta eigi þann hluta rekstrarafgangs sem rekja má til opinberra fjárveitinga, svo hægt sé að uppfylla skilyrði þjónustusamning um hvernig sá hluti er nýttur.	Ábendingu verður vísað til starfshóps um mótun stefnu Reykjavíkurborgar um aðkomu að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum skipuðum af borgarstjóra. Starfstímabil hópsins er 10. feb – 15. apríl 2022.	● Meðal áhætta
2 bls. 28	Reykjavíkurborg birtir gjaldskrá leikskóla borgarinnar á heimasíðu sinni 1. janúar ár hvert. Virkt eftirlit þarf að vera með því að sjálfstætt starfandi leikskólar geri slíkt hið sama og að reglubundið eftirlit sé með því að gjaldskrá sé í samræmi við heimild í þjónustusamningi. SFS athugi með frekari málsmeðferð vegna sjö leikskóla með frávik í gjaldskrá.	Útbúinn hefur verið gátlisti um eftirlit með gögnum gögnum sem skila ber skv. samningi. Tekur gildi nú þegar. Málsmeðferð v.frávika frá gjaldskrá hefst.	● Meðal áhætta
3 bls. 34	Setja verður skýr viðmið og leiðbeiningar við framsetningu, sundurliðun og rýni ársreikninga og viðbrögð SFS ef leikskólinn er með neikvætt eigið fé og óviðunandi rekstrar- og gjaldhæfi. Skoðað verði að setja kvöð um arðgreiðslur og markaðsleiguverð á fermetra, að rekstrarafgang af starfsemi leikskólanna, sem rekja megi til opinberra fjárveitinga skuli nýta til að efla leikskólastarfið og að í ársskýrslu skuli gerð grein fyrir því hvernig sá rekstrarafgangur sé metinn og hvernig honum sé varið.	Sjá nr. 1 Ábendingu vísað til starfshóps.	● Mikil áhætta

Nr	Ábending IER	Viðbrögð stjórnenda Tímasett aðgerðaáætlun	Áhættuflokkun
4 bls. 34	Fáir ársreikningar sjálfstætt starfandi leikskóla eru endurskoðaðir þrátt fyrir ákvæði um slíkt í 10. grein samnings. Skýringar á þessu er sagðar vera að endurskoðun getur reynst fjárhagslega íþyngjandi fyrir minni leikskóla. Ef samningsaðilar sætta sig við að leikskóli uppfylli ekki samningsskilyrði þarf að breyta skilyrðum og setja viðmið um hvenær ásættanlegt er að móttaka óendurskoðaðan ársreikning. Þögnult samþykki um brot á ákvæði í samningi er ekki viðunandi. Kalla þarf eftir ársreikningi fyrir Hjallastefnuna (Leikskólar ehf.) og jafnframt rekstrar-yfirliti fyrir leikskóladeildir þegar þær eru hluti af annarri starfsemi.	Fylgt verði eftir að skilað sé fyrir 1.mái ár hvert sbr. samning. Verður jafnframt vísað í starfshóp til frekari umfjöllunar.	● Meðal áhætta
5 bls. 36	Óskað er eftir gjaldskrá, ársskýrslum og ársreikningum án þess að fari fram rýni á þessum gögnum Að mati IER er jákvætt að það sé árlega farið í eftirlit með sjálfstætt starfandi leikskólum og uppfyllir SFS þannig skilyrði 10. greinar samnings. IER telur að setja þurfi eftirlitsviðmið varðandi þau gögn sem kallað er eftir og til hvaða aðgerða skuli gripið ef leikskólinn uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru. Í sex ár í röð hefur sami leikskólinn fengið athugasemd vegna þess að skólanámskrá vantar.	Með gerð gátlista verður þessu framfylgt. Starfshópur útbúi eftirlitsviðmið.	● Meðal áhætta

Nr	Tillögur	
1 bls. 13	Fyrirhuguð heildstæð nálgun um starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla skal miða að því að jafnræði og gegnsæi sé haft að leiðarljósi. Námsgjöld sjálfstætt starfandi grunnskóla er mismunandi og er munur allt að 50% á milli hæsta og lægsta skólagjalds. Skoða þarf forsendur að baki skólagjalds með það að markmiði að jafnræði ríki á milli sjálfstætt starfandi grunnskóla, líkt og reyndin er með leyfilega hámarksgjaldskrá hjá sjálfstætt starfandi leikskólum sem fá framlag frá Reykjavíkurborg. Í kafla um rýni á rekstrarhæfi sjálfstætt starfandi grunnskóla kemur fram að fjárhagsstaða skólanna er yfirleitt sterk.	Starfshópur sbr. nr. 1 skoði og ljúki innan starfstímabils.
2 bls. 21	Rekstrarframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla fellur undir reglur borgarinnar um styrki á sama hátt og rekstrarframlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Telja þarf upp sjálfstætt starfandi leikskóla með viðtakendum styrkja í samstarfs- og þjónustusamningum í árlegri greinargerð FAS til borgarráðs um framkvæmd styrkjareglna.	Ábendingu verður komið á framfæri við FAS – nú þegar.
3 bls. 25	Fimm ára leikskóladeildir Ísaksskóla og Landakotsskóla eru ekki starfræktar frá miðjum júní til miðs ágúst. Framlög eru greidd fyrir 11 mánuði eins og til annarra sjálfstætt starfandi leikskóla. Ísaksskóli starfrækir þó sumarskóla (vikunámskeið í senn) í júní og júlí sem foreldrar sækja um sérstaklega. Samningur kveður á um að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að heimilt sé að halda 6 skipulagsdaga á ári án þess að rekstrarframlag skerðist. Skoða þarf hvort óskert rekstrarframlag í 11 mánuði fyrir þessa skóla sé í samræmi við samning.	Send verður fyrirspurn á Landakotsskóla um hvernig þessu ákvæði er uppfyllt. Sumarskóli starfar í samræmi við samning í Ísaksskóla.

Viðbrögð og aðgerðaáætlun stjórnenda hefur verið skráð inn. Eins og við var að búast mun starfshópur um mótun stefnu og heildstæða nálgun um starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla, fjalla um og taka afstöðu til ábendinga IER í sinni vinnu. Þá er því fagnað að útbúinn verði gátlisti sem mun nýtast sem gæðaskjal varðandi hvern skóla, þar sem merkt verði við einstaka þætti og fylgt eftir ef viðkomandi skóli uppfyllir ekki skráð skilyrði.


4. Sjálfstætt starfandi grunnskólar

Þjónustusamningar voru undirritaðir við sex sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík vorið 2019 og gilda þeir til 10. júní 2022. Samningarnir fyrir grunnskólana eru samhljóma að undanskildum fjölda nemenda sem greitt er rekstrarframlag með. Heildarframlög til sjálfstætt starfandi grunnskóla á árinu 2021 námu 1,3 ma.kr. og höfðu hækkað um 21% frá árinu 2020. Heildarframlög voru 21 m.kr. yfir áætlun eða 1,7%. Á meðal rekstrarframlaga er einnig sérkennsluúthlutun og fjölmenningarúthlutun, sem háð er nokkurri óvissu hverju sinni. Í samræmi við þjónustusamning er greiddur kostnaður vegna stuðnings við nemendur með metnar sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma.

Í úttekt IER voru eftirfarandi þættir grunnskólasamninga teknir til skoðunar:

1. Rekstrarframlag og eftirfylgni
2. Gjaldtaka grunnskóla
3. Hámarksfjöldi nemenda, lögheimili og eftirfylgni
4. Skil á ársskýrslu og rýni SFS á rekstrarhæfni og fjárhagsstöðu
5. Árlegt eftirlit af hálfu SFS

Mynd 1 – Sjálfstætt starfandi grunnskólar, framlög 2021



4.1 Rekstrarframlag og eftirfylgni

Framlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla nemur 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Þetta hlutfall gildir fyrir skóla með allt að 200 nemendur. Fjölgi nemendum umfram 200 lækkar framlagið í 70% af vegnu meðaltali fyrir hvern nemanda umfram 200. Greiðslurnar taka breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofunnar. Ársframlagi er deilt niður á níu mánuði ársins og greiðast mánuðina september til maí. Framlagið miðast við fjölda nemenda í skólanum í yfirstandandi mánuði sem eiga lögheimili í Reykjavík og nemendur sem eru fósturbörn ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns hjá fósturforeldri með lögheimili í Reykjavík.

Greiddur er kostnaður vegna stuðnings við nemendur með metnar sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar. Skólunum ber að senda upplýsingar um fjölda nemenda fyrir 5. hvers mánaðar til þess að fjárhæð miðað við réttan fjölda verði greidd út í lok mánaðar.



Einungis er um sex grunnskóla að ræða og er haldið utan um bókun og greiðslu framlags á excel-skjali. Sama skjalið er notað fyrir skólaárið og gefur glögga mynd og yfirsýn um breytingar innan ársins, bæði varðandi framlag og fjölda nemenda. Hér að neðan má sjá gjaldskrá fyrir hvern nemanda uppfærða hvern mánuð fyrir skólaárið 2020-2021 eins og Hagstofan reiknar hana út. Innbyggð reikniformúla í skjali SFS reiknar út framlag fyrir hvern skóla miðað við innsleginn fjölda nemenda. Að mati IER er áhætta vegna innsláttarvillu um fjölda nemenda og framlag ekki mikil, m.a. vegna þess að skjalið veitir yfirsýn um fjölda í hverjum mánuði allt skólaárið. Fjárhæðir í bókhaldi eru afstemmdar við skjalið og innsláttur fjölda nemenda yfirfarinn.

Hækkun framlags á skólaárinu nam alls 11% frá september til maí. Landakotsskóli er eini skólinn þar sem 70% framlag vegna nemenda umfram 200 gildir, þar sem aðrir skólar eru með færri en 200 nemendur. IER framkvæmdi úrtakskönnun á útreikningi miðað við fjölda nemenda og skráningu í bókhaldi fyrir mánuðina og gerir engar athugasemdir við framkvæmd og eftirlit með rekstrarframlögum. Sérkennsluúthlutun vegna nemenda með sérþarfir og vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál fer fram á vor- og haustönn. Miðað er við sömu reglur og gilda fyrir grunnskóla borgarinnar. Samtals nam sérkennsluúthlutun fyrir skólaárið 2020-21 64,4 m.kr. til sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Tafla 1 – Rekstrarframlag til grunnskóla skólaárið 2020–2021 fyrir hvern nemanda og mánaðarlegt gjald

Tímabil	September 20	Október 20	Nóvember 20	Desember 20	Janúar 21	Febrúar 21	Mars 21	Apríl 21	Maí 21
1.–10. bekkur	2.038.313	2.089.157	2.107.162	2.098.418	2.093.596	2.134.906	2.170.235	2.183.075	2.265.632
75% framlag	1.528.735	1.566.868	1.580.372	1.573.814	1.570.197	1.601.180	1.627.676	1.637.306	1.699.224
75% framlag	1.426.819	1.462.410	1.475.013	1.468.893	1.465.517	1.494.434	1.519.165	1.528.153	1.585.942
Mánaðarlegt framlag á nemanda	169.859	174.096	175.597	174.868	174.466	177.909	180.853	181.923	188.803

4.2 Gjaldtaka sjálfstætt starfandi grunnskóla

Samkvæmt 3. grein þjónustusamnings er sjálfstætt starfandi grunnskólum heimilt að taka gjald af foreldrum vegna kennslu og skólamáltíða. Reykjavíkurborg setur engin skilyrði um hámarksgjald vegna kennslu eða skólamáltíða. IER skoðaði gjaldskrá þeirra miðað við auglýst skólagjöld fyrir skólaárið 2020-2021 og fjölda nemenda í maí 2021. Misjafnt er hvort skólarnir rukki fyrir 10 mánuði eða 9,5 mánuð. Í töflu 2 má sjá áætluð innheimt skólagjöld fyrir skólaárið miðað við fjölda nemenda í maí 2021. Skólagjöld eru mjög mismunandi eftir skólum og munar allt að 50% á hæsta og lægsta gjaldi.

Tafla 2 – Gjaldskrá grunnskóla, fjöldi nemenda og innheimt skólagjöld skólaárið 2020-2021

Skóli	Skólagjöld á ári án fæðis	Fjöldi nemenda Maí 2021	Innheimt skólagjöld 2020-21
Landakotsskóli	253.650	257	65,2 m.kr.
Ísaksskóli	240.000	166	39,8 m.kr.
Hjallastefnan	199.000	109	21,7 m.kr.
Sólstafr	190.000	81	15,4 m.kr.
Tjarnarskóli	284.050	34	9,7 m.kr.
Suðurhlíðarskóli	235.000	36	8,5 m.kr.

Á fundi borgarráðs þann 27. janúar 2022¹ lagði borgarstjóri til að skipaður yrði starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar sem fengi það verkefni að móta drög að stefnu og tillögum um aðkomu borgarinnar þegar kemur að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum. Horfa ætti til þjónustusamninga, framlaga, húsnæðismála og fleiri þátta sem máli kunna að skipta. Fyrir liggur að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar hafa leitað til Reykjavíkurborgar með formleg erindi um aukna kostnaðarþátttöku borgarinnar í byggingu skólahúsnæðis, um aukið fjárframlag miðað við gildandi þjónustusamninga og um framtíð einstakra grunn- og leikskóla. Þess vegna er mikilvægt að Reykjavíkurborg móti sér stefnu um heildstæða nálgun um starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla þar sem jafnræði og gegnsæi er haft að leiðarljósi þegar kemur að aðkomu og framlögum Reykjavíkurborgar.

IER tekur undir mikilvægi þess að gagnsæi og jafnræði ríki vegna aðkomu og framlaga Reykjavíkurborgar. Í bókun borgarráðsfulltrúa kemur fram sú skoðun að styðja eigi betur við sjálfstætt starfandi skóla þannig að jöfn opinber framlög fylgi öllum börnum í skólakerfinu, óháð rekstrarformi skólanna sem þau sækja. Þannig gætu sjálfstætt starfandi skólar látið hjá líða að innheimta skólagjöld svo öll börn ættu jöfn tækifæri á að sækja skólana. Skólagjöld sjálfstætt starfandi grunnskóla eru mismunandi, eins og fram kemur í töflu 2, og því nauðsynlegt að skoða forsendur að baki.

¹ https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/8_sjalfstaett_starfandi_leikskolar_og_grunnskolar_i_reykjavikurborg_mss22010269.pdf

Tillaga 1

Fyrirhuguð heildstæð nálgun um starfsemi sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla skal miða að því að jafnræði og gegnsæi sé haft að leiðarljósi. Námsgjöld sjálfstætt starfandi grunnskóla er mismunandi og er munurinn allt að 50% á milli hæsta og lægsta skólagjalds. Skoða þarf forsendur að baki skólagjalds með það að markmiði að jafnræði ríki á milli sjálfstætt starfandi grunnskóla, líkt og reyndin er með leyfilega hámarksgjaldskrá hjá sjálfstætt starfandi leikskólum sem fá framlag frá Reykjavíkurborg. Í kafla um rýni á rekstrarhæfi sjálfstætt starfandi grunnskóla kemur fram að fjárhagsstaða skólanna er yfirleitt sterk.



4.3 Hámarksfjöldi nemenda – lögheimili og eftirfylgni

Í þjónustusamningi er tiltekinn hámarksfjöldi nemenda sem Reykjavíkurborg greiðir framlag með. Hámarksfjöldi nemenda í sjálfstætt starfandi grunnskólum er alls 801 enskólaárið 2020-2021 var meðalfjöldi nemenda í skólunum sex 682, eins og tafla 3 sýnir, eða um 85% af hámarksfjölda. Fjöldi nemenda var vel innan við hámarksfjölda en ákvæði í samningi heimila skólunum að óska eftir breytingu á viðmiði um fjölda nemenda sem greitt er framlag með ef sýnt er fram á að fjölgun nemenda verði umfram hámarksfjölda. Dæmi um þetta er að í samningi við skólann Sólstaði var hámarksfjöldi tilgreindur 80 nemendur, en í október 2020 var undirritaður viðauki þar sem hámarksfjöldi var aukinn í 100 nemendur og strax í nóvember fjölgaði nemendum og urðu flestir 86 á skólaárinu.

Lögheimili nemenda er samkeyrt við þjóðskrá að jafnaði einu sinni í mánuði. Framkvæmdinni er lýst ítarlega í gæðaskjali LB-013. Flækjustig framkvæmdar er nokkuð og því er ákveðin villuhætta til staðar. Samkeyrslan er í mörgum þáttum og tekur ákveðinn tíma. Um er að ræða samkeyrslu vegna allra grunnskóla í Reykjavík, þ.m.t. sjálfstætt starfandi skóla. Ef lögheimili nemanda hefur breyst og er orðið utan Reykjavíkur þá er viðkomandi nemandi skráður sérstaklega og gengið úr skugga um hvort og hvenær viðkomandi sveitarfélag á að greiða Reykjavíkurborg

Tafla 3 – Hámarksfjöldi nemenda skv. þjónustusamningi og meðalfjöldi nemenda skólaárið 2020-2021

Skóli	Hámarksfjöldi	Meðalfjöldi 2020-2021	Hlutfall
Landakotsskóli	260	258	99%
Ísaksskóli	199	169	85%
Hjallastefnan	153	106	69%
Sólstaði	100	83	83%
Tjarnarskóli	53	34	64%
Suðurlíðarskóli	36	34	94%
Alls	801	682	85%

fyrir nemandann. Lengi hefur verið unnið að nemendagrunni á tölvudeild borgarinnar sem kallast Hafdís. Markmiðið er utanumhald nemendahópsins í borginni sem og börn á grunnskólaaldri með lögheimili í borginni. Nemendagrunnur á að taka upplýsingar úr mismunandi kerfum og uppfærast að stóru leyti sjálfvirk og minnka þar með villuhættu og auðvelda eftirlit með börnum með lögheimili í Reykjavík og hvar þau stunda nám.

4.4 Skil á ársskýrslu og rýni SFS á rekstrarhæfni og fjárhagsstöðu

Í samræmi við 9. grein samnings um framlag SFS til sjálfstætt starfandi grunnskóla skal skólinn skila ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til SFS fyrir 1. maí ár hvert fyrir liðið fjárhagsár. Fjárhagsár þriggja grunnskóla miðast við upphaf skólaárs 1. ágúst – 31. júlí og því væri eðlilegt að miða skil ársreikninga þeirra við 1. febrúar ár hvert fyrir liðið fjárhagsár (Tjarnarskóli, Suðurhlíðarskóli og Hjallastefnan). Öllum ársreikningum var skilað fyrir árin 2019-2020 og voru þeir endurskoðaðir fyrir síðastliðið fjárhagsár. IER óskaði eftir upplýsingum og viðmiðum SFS við rýni á ársreikningunum. Ekki er um markvissa rýni að ræða, ekki eru skoðaðar kennitölur eða rekstrarhæfi, aðeins er athugað hvort einingin er starfhæf.

Í 2. grein þjónustusamnings kemur fram: „Rekstrarafgang af starfsemi skólans, sem rekja má til opinberra fjárveitinga, skal nýta til að efla skólastarfið. Í ársskýrslu skólans til Reykjavíkurborgar skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið“. Allir sex skólarnir hafa skilað rekstrarhagnaði sl. tvö ár og fimm skólar sl. þrjú ár. Engan rökstuðning er að finna í ársskýrslum þeirra fyrir árin 2019-2020 um hvernig rekstrarafgangur, sem rekja má til opinberra fjárveitinga, hefur verið nýttur eða hvernig hann er metinn. Engin viðmið eða leiðbeiningar liggja fyrir um hvernig meta skuli slíkt.

Brýnt er að báðir samningsaðilar hafi sameiginlegan skilning á þessu ákvæði. Rekstrarform sjálfstætt reknu grunnskólanna er mismunandi; þrír skólar eru sjálfseignarstofnanir, tveir eru einkahlutafélög og loks er einn skólinn rekinn af og í eigu félagasamtaka.

Ábending 1

Setja verður skýr viðmið og leiðbeiningar um rýni ársreikninga og viðbrögð SFS ef grunnskólinn er með neikvætt eigið fé og óviðunandi rekstrar- og gjaldhæfi. Þá þarf að liggja fyrir hvernig meta eigi þann hluta rekstrarafgangs sem rekja má til opinberra fjárveitinga, svo hægt sé að uppfylla skilyrði þjónustusamning um hvernig sá hluti er nýttur.

Í töflu 4 á næstu síðu hefur IER tekið saman yfirlit yfir rýni ársreikninganna fyrir árin 2018-2020 og athugasemdir. Frávikin eru lituð eftir alvarleika, þ.e. rautt, appelsínugult og gult. Grænt er yfirfarið án athugasemda.

Tafla 4

Grunnskóli	Afkoma og kennitölur	Rýni og athugasemdir IER	Endurskoðun ársreiknings
Ísaksskóli Tekjur alls 601,4 m.kr. Hámarksfjöldi nemenda Grunnskóli 199 Leikskóladeild 75	● Hagnaður: Ár 2020 49,8 m.kr. Ár 2019 52,5 m.kr. Ár 2018 24,8 m.kr. Eigið fé 246,7 m.kr. Eiginfjárlutfall 81% Veltufjárlutfall 4,6	● Skólinn á kauprétt á skólabyggingum sem hann leigir af Reykjavíkurborg. Leiga er 2 m.kr. á mánuði. 24 mkr. á ári. Kaupréttur gildir til ársins 2026 að verðmæti 199 m.kr. auk hækkana vegna meiriháttar viðhalds að viðbættri hækkun vísitölu fasteignaverðs. Vísibending er um að verið er að safna fyrir endurkaupum á fasteign, en verðbréfaeign og aðrir veltufjármunir í lok árs 2020 námu 260 m.kr. Sterk fjárhagsleg staða, viðvarandi 3ja ára rekstrar-hagnaður.	● Ársreikningur er endurskoðaður af E&Y Sjálfsreikningur undanþegin tekjuskatti ● Vantar rökstuðning um hvernig rekstrarafgangur er nýttur til að efla skólastarfið að öðru leyti en því að hagnaður ársins flyst á óráðstafað eigið fé. Rekstur leikskóladeildar og frístundar óaðskilinn í ársreikningi.
Landakotsskóli Tekjur alls 616,4 m.kr. Hámarksfjöldi nemenda Grunnskóli 260 Leikskóladeild 88	● Ár 2018 Tap 18,9 m.kr. ● Hagnaður: Ár 2020 18 m.kr. Ár 2019 10,6 m.kr. Eigið fé 29,6 m.kr. Eiginfj.hlutf 27% Veltufj.hlutf 1,36	● Húsaleiga á árinu 2020 nam 20,8 m.kr og viðhald húsnaðis 9,1 m.kr. Húsnaðið er í eigu Kaþólsku kirkjunnar. Rekstrargjöld hækka á milli ára 43% m.a. vegna gjaldfærðra áhalda og tækja og viðhaldi húsnaðis. Erindi frá Landakotsskóla var lagt fyrir borgarráð 6. janúar 2022 um viðbyggingu við skólann vegna vaxandi nemendafjölda við alþjóðadeild skólans. Áætlaður kostnaður við nýja byggingu er 400 m.kr.	● Ársreikningur er endurskoðaður af Rýni endurskoðun. Sjálfsreikningur undanþegin tekjuskatti ● Skýringar og sundurliðanir eru ítarlegar og upplýsandi ● Vantar rökstuðning um hvernig rekstrarafgangur er nýttur til að efla skólastarfið. Rekstur leikskóladeildar og frístundar óaðskilinn í ársreikningi.
Hjallastefnan Tekjur alls 4.266 m.kr. Hámarksfjöldi nemenda Grunnskóli 150 Leikskóli Askja 153 Leikskóli Laufásborg 127	● Hagnaður eftir skatta: Ár 2020 61,9 m.kr. Ár 2019 57,4 m.kr. Ár 2018 70,6 m.kr. Eigið fé 203,5 m.kr. Eiginfjárlutfall 25% ● Veltufjárlutfall 0,25	● Samstæðureikningur fyrir Bak-Hjalli ehf. Hallastefnu Grunnskólar ehf. og Hjallastefnu Leikskólar ehf. Ársreikningur skiptist annars vegar í samstæðureikning og hins vegar móðurfélag. Óska þarf eftir sundurgreindum ársreikningum Eignir og skuldir samstæðu eru 427 m.kr. hærri en móðurfélags. Veltufjárlutfall hefur verið á bilinu 0,25-0,34 síðustu 3 ár, sem er vísibending um að félagið á í greiðsluerfðleikum. Móðurfélag skuldar tengdum aðilum 338,8 m.kr	● Ársreikningur er endurskoðaður af KPMG Arðgreiðslustefna Ekki verið greiddur arður og engin breyting fyrirhuguð á því. ● Vantar rökstuðning um hvernig rekstrarafgangur er nýttur til að efla skólastarfið. Óska þarf eftir sundurgreindum ársreikningum. Einkahlutafélag með 9 hluthöfum. Stærsti hluthafinn með 74,5% hlut.

Grunnskóli	Afkoma og kennitölur	Rýni og athugasemdir IER	Endurskoðun ársreiknings	
Waldorfskólinn Sólstafr Tekjur alls 383,3 m.kr. Hámarksfjöldi nemenda Grunnskóli 100 Leikskóladeild 48	● Hagnaður: Ár 2020 29,2 m.kr. Ár 2019 35,6 m.kr. Ár 2018 42,5 m.kr. Eigið fé 260 m.kr. Eiginfjárlutfall 88% Veltufjárlutfall 2,53	● Á meðal langtímakrafna á félagið kröfu á Sóltún 6 ehf. 181,6 m.kr. (Fasteignin Sóltún 6 ehf.) sem er 30% í eigu Snorra Traustasonar framkvæmdastjóra. Áætluð húsaleiga 2021 nema um 46,4 m.kr. sbr. við 29,2 m.kr. árið 2020 Bókfærð fasteign að Grundarstíg 19 á 17,5 m.kr. en fasteignamat er 112,3 m.kr., ekki vitað um starfsemi í húsinu	● Ársreikningur er endurskoðaður af Grant Thornton. Sjálfseignarstofnun undanþegin tekjuskatti	● Vantar rökstuðning um hvernig rekstrarafgangur er nýttur til að efla skólastarfið. Rekstur leikskóladeildar og frístundar óaðskilinn í ársreikningi.
Suðurhlíðarskóli Tekjur 140 m.kr. Hámarksfjöldi nemenda 36	● Eigið fé neikvætt árin 2018 og 2019 ● Hagnaður: Ár 2020 17 m.kr. Ár 2019 6,2 m.kr. Ár 2018 4 m.kr. Eigið fé 10,9 m.kr. Eiginfj.hlutf. 67% Veltufj.hlutf. 2,8	● Skuld við kirkjuna (rekstraraðila) var gefin eftir og tekjufærð 2020. Við það varð eigið fé jákvætt. Fjárhagslegur rekstur 2017-2019 óviðunandi, rekstur ósjálfbær.	● Ársreikningur er endurskoðaður af PWC. Ekkert sjóðstreymi. Félagasamtök undanþegin tekjuskatti.	● Félagasamtök Kirkja sjöunda dags aðventista fer með eignarhald og rekstur skólans. ● Vantar rökstuðning um hvernig rekstrarafgangur er nýttur til að efla skólastarfið.
Tjarnarskóli Tekjur 103 m.kr. Hámarksfjöldi nemenda 53	● Hagnaður: Ár 2020 7,3 m.kr. Ár 2019 3,8 m.kr. Ár 2018 5,9 m.kr. Eigið fé 28 m.kr. Eiginfjárlutf 76% Veltufj.hlutfall 4,11	● Húsaleiga er 350 þ.kr. á mánuði en enginn húsnæðiskostnaður að öðru leyti. Reykjavíkurborg er þinglýstur eigandi að Lækjargötu 14b.	● KPMG aðstoðar við gerð ársreiknings. Reikningur er ekki endurskoðaður.	● Einkahlutafélag tveir hluthafar, skólastjóri 50% eigandi. ● Vantar rökstuðning um hvernig rekstrarafgangur er nýttur til að efla skólastarfið.

Fjárhagsstaða sjálfstætt starfandi grunnskóla er almennt mjög sterk, eiginfjárhlutfall fimm skóla er á bilinu 67-88% og einn skóli með 25%. Ísaksskóli á umtalsvert eigið fé í verðbréfaeign, sem að líkindum verður notað til endurkaupa á fasteign skólans sem Reykjavíkurborg keypti árið 2010 en kaupréttur Ísaksskóla gildir til ársins 2026. Þegar afkoma og fjárhagsstaða Ísaksskóla og Landakotsskóla er borin saman kemur í ljós að hún er mjög ólík. Báðir skólarnir eru með svipaðar tekjur og svipaðan fjölda nemenda, þó eru nemendur Landakotsskóla nokkuð fleiri. Skoða þarf nánar rekstrartölur skólanna til að leita skýringa. Nýlega óskaði Landakotsskóli eftir stuðning borgarinnar vegna áforma um að ljúka við byggingu á síðustu álmu skólans sem áætlað er að muni kosta 400 m.kr. og var í því sambandi skipaður starfshópur um mótun stefnu Reykjavíkurborgar um aðkomu að sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum. Athygli vekur há langtímakrafa á fasteignafélagið Sóltún ó ehf. sem er að 30% í eigu framkvæmdastjóra skólans. Nauðsynlegt er að rýna og bera saman leigu á fermetra hjá sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum. Lánastarfsemi getur varla verið tilgangurinn með rekstri grunnskóla og þegar um er að ræða fasteignafélag, sem jafnframt er að hluta eða öllu leyti í eigu stjórnanda skólans getur verið um hagsmunaárekstra að ræða. IER telur brýnt að sett verði ákveðin viðmið um leiguverð á fermetra sem taki mið af jafnaðarverði á markaði.



4.5 Árlegt eftirlit af hálfu SFS

Ekki er farið í reglulegar heimsóknir í sjálfstætt starfandi grunnskóla en eftirlit af hálfu SFS er bæði með formlegum og óformlegum hætti. Árlega er kallað eftir starfsáætlun og skóladagatölum. Farið er yfir starfsáætlanir í samræmi við gátlista þar sem kannað er hvort fram koma þeir þættir sem lög og reglugerðir segja að eigi að vera í starfsáætlunum grunnskólanna. Skóla- og frístundaráð er upplýst um að skólarnir hafi skilað starfsáætlunum og að þær hafi verið yfirfarnar. Í þeim tilvikum þar sem veruleg frávik hafa komið fram hafa sérfræðingar á vegum grunnskólaskrifstofu SFS haft samband við skólastjóra viðkomandi skóla og boðið fram ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi úrbætur.

Farið er yfir skóladagatöl sjálfstætt starfandi grunnskóla eins og annarra grunnskóla og kannað hvort þau séu í samræmi við lög og reglugerðir um fjölda skóladaga nemenda, skerta daga o.þ.h.

Ytra mat á sjálfstætt starfandi grunnskólum fór fram vorið 2013 með vettvangsheimsóknnum, viðtölum, rýnihópum, rýni skriflegra gagna o.fl. Á grundvelli niðurstöðu matsins skiluðu skólarnir umbótaáætlunum þar sem gerð var grein fyrir því hvernig þeir hygðust bæta úr þeim þáttum sem talin var þörf á.

Eftirlit með sjálfstætt starfandi grunnskólum fer einnig fram með óformlegum hætti. Ef kvartanir vegna starfsemi þeirra berast skrifstofu SFS frá foreldrum eða öðrum aðilum er málið kannað og leitað úrbóta á sama hátt og um borgarrekna grunnskóla væri að ræða.

Stjórnendur leita flestir iðulega til skrifstofu SFS vegna ýmissa þátta skólastarfsins og er leitast við að veita þeim sömu ráðgjöf og leiðbeiningar og öðrum skólastjórnendum í borginni. Þannig fá starfsmenn á skrifstofu SFS góða innsýn inn í starf þessara skóla og hvað brennur helst á stjórnendum þeirra.

Í tengslum við staðfestingu Menntamálastofnunar (MMS) á þjónustusamningum borgarinnar við sjálfstætt starfandi grunnskóla 2019-2020 hafði SFS milligöngu um að safna gögnum og ítarlegum upplýsingum um þá þætti sem þurfa að vera til staðar til að fá staðfestingu MMS. Þannig fékkst einnig gott yfirlit yfir aðstöðu og starfsemi þessara skóla og kallað var eftir umbótum á þeim þáttum sem taldir voru ófullnægjandi. IER gerir ekki athugasemdir við framkvæmd formlegs eftirlits SFS með starfsáætlun og skóladagatölum.


5. Sjálfstætt starfandi leikskólar

Allir þjónustusamningar við sjálfstætt starfandi leikskóla voru fram-
lengdir til 30. júní 2022 með viðauka. Um er að ræða sextán samninga
við leikskóla, auk þriggja samninga um leikskóladeildir við sjálfstætt
starfandi grunnskóla. Gerður er sérsamningur ef leikskólinn rekur að
auki ungarnaleikskóla fyrir börn yngri en 18 mánaða.

Í úttekt IER voru eftirfarandi þættir leikskólasamninga teknir til skoðunar:

1. Skilyrði framlags og eftirfylgni,
2. Hámarksfjöldi barna og vistunartími,
3. Framkvæmd eftirfylgni – leikskólakerfið Vala,
4. Færslugreining í Unit4 bókhaldskerfi,
5. Gjaldskrá leikskóla,
6. Skil á ársreikningi og rýni SFS á rekstrarhæfni og fjárhagsstöðu,
7. Árlegt eftirlit af hálfu SFS.

Mynd 2 – Sjálfstætt starfandi leikskólar, framlög árið 2021 í m.kr.



Á mynd 2 hér að framan má sjá rekstrarframlag og húsnæðisframlag² til allra sjálfstætt starfandi leikskóla árið 2021. Heildarframlög til sjálfstætt starfandi leikskóla á árinu 2021 námu 3,2 ma.kr. og höfðu hækkað 14% frá árinu 2020. Þjónustusamningar við sjálfstætt starfandi leikskóla eru ekki meðtaldir í árlegri greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs (FAS) til borgarráðs um framkvæmd styrkjareglna 2020 en sjálfstætt starfandi grunnskólar eru þar á meðal.

Tillaga 2

Rekstrarframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla fellur undir reglur borgarinnar um styrki á sama hátt og rekstrarframlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Telja þarf upp sjálfstætt starfandi leikskóla með viðtakendum styrkja í samstarfs- og þjónustusamningum í árlegri greinargerð FAS til borgarráðs um framkvæmd styrkjareglna.

5.1 Skilyrði framlags og eftirfylgni

Skilyrði framlags er háð því að leikskólinn hafi gilt rekstrarleyfi í Reykjavík. SFS greiðir framlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar þess eru ekki í vanskilum við SFS. Þessi skilyrði eru könnuð við skráningu barns í leikskólakerfið Völu. Rekstrarleyfi fyrir alla sjálfstætt starfandi leikskóla voru til staðar við skoðun. Einu sinni á dag er skráin samkeyrð við þjóðskrá til að tryggja að skilyrði um lögheimili í Reykjavík sé uppfyllt.

5.2 Hámarksfjöldi barna

Hámarksfjöldi barna sem greitt er framlag með kemur fram í þjónustusamningi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heils dagsvistun. Leyfilegur hámarksfjöldi leikskólabarna sem greitt er framlag með samkvæmt þjónustusamningi um sjálfstætt starfandi leikskóla er 1.500. Meðalfjöldi reykvískra nemenda á tímabilinu janúar – október var hins vegar 1.169 eða tæplega 80% af leyfilegum hámarksfjölda.

² Húsnæðisframlag Laufásborgar í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar er í formi innri leigu, sem borgin stendur straum af.

5.3 Framkvæmd og eftirlit með rekstrarframlagi – leikskólakerfið Vala

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði við börn í borgarreknum leikskólum skv. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekinnna leikskóla á ársgrundvelli, að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar sem ekki er inni í áætlun. Heildarkostnaður við hvert barn er þrískiptur: a) rekstrarframlag fyrir hvert barn, b) framlag fyrir hvert dvalargildi, auk þess sem greitt er c) húsnæðisframlag fyrir hvert barn.

- a. Mánaðarlegt rekstrarframlag nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra³. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum.
- b. Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra. Hlutfall fagmenntaðra starfsmanna reiknast til hækkunar eða lækkunar framlags fyrir hvert dvalargildi. Fjárhagsáætlun SFS liggur til grundvallar útreikningi og endurskoðast rekstrarframlagið árlega, almennt í janúar ár hvert.
- c. Húsnæðisframlag fyrir hvert barn miðast við áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekinnna leikskóla á ársgrundvelli og deilt með

áætluðum fjölda barna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegu húsnæðisframlagi.


Hátt flækjustig rekstrarframlags kallar á nákvæm vinnubrögð, tímanlegar upplýsingar og virkt eftirlit. Í leikskólakerfinu Völu eru færðar inn allar forsendur fyrir útreikningi á greiðslum af hálfu starfsmanns á SFS. Kerfið reiknar út framlag á grundvelli upplýsinga um fjölda barna, aldri þeirra, vistunartíma, fjölda fagmenntaðra starfsmanna og aðstæðna foreldra (námsmenn, öryrkjar og/eða einstæðir). Starfsmaður á fjármálaþjónustu SFS skráir upplýsingar inn í Völu fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla. Við nýskráningu er kennitala barnsins skráð og upplýsingar um nafn, heimilisfang, forráðamann o.fl. koma sjálfkrafa inn. Við skráningu fær foreldri upplýsingar sendar í tölvupósti um að barnið hafi verið skráð í viðkomandi leikskóla. Ekki er hægt að skrá sömu kennitölu í fleiri en eitt úrræði (leikskóla eða dagforeldri) í einu. Upplýsingar berast frá leikskólunum með tölvupósti eða almennum pósti.

Faghlutfall starfsfólks hvers mánaðar er einnig skráð inn en þetta hlutfall hefur áhrif til lækkunar eða hækkunar á rekstrarframlagi fyrir hvert dvalargildi. Veiti leikskólinn ekki upplýsingar um fagmenntun

³ Hámarksgreiðsla foreldra barna 18 mánaða og eldri miðast við gjaldskrá SFS vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15 en fyrir börn yngri en 18 mánaða er margföldunarstuðullinn 2.15

starfsmanna er gengið út frá því að engir starfsmenn séu með fagmenntun. Faggildin hafa verið nokkuð breytileg á milli mánaða. Á stöplariti á mynd 3 kemur fram að meðalfaghlutfall í október 2021 var 50,6 og voru 10 leikskólar undir því og þar af voru tveir með rétt yfir 20% . Fylgst er með því að fjöldi nemenda sem greitt er fyrir hverju sinni sé í samræmi við leyfilegan hámarksfjölda nemenda skv. samningi. Vala leikskólakerfið er mjög skilvirkt og eftirlit með upplýsingagjöf og skráningu virkt. Sjálfvirk samkeyrsla við þjóðskrá einu sinni á dag tryggir að viðkomandi barn er með skráð lögheimili í Reykjavík. Vegna sérstakra aðstæðna geta börn verið vistuð í leikskóla í Reykjavík þrátt fyrir að vera með lögheimili utan Reykjavíkur og sér þá sami starfsmaður um reikningagerð til viðkomandi sveitarfélags.

Mynd 3 – Hlutfall fagstöðugilda í október 2021



5.4 Færslugreining í Unit4 bókhaldskerfi

Framkvæmd var færslugreining á bókhaldslykli 573620 (SSL Rekstrarframlag) og 573630 (SSL Húsnæðisframlag) fyrir tímabilið 1. janúar – 31. október 2021. Framlag fyrir hvert barn skráist á kennitölu þess og kostnaðarstað leikskólans. Niðurstaða greiningar kemur fram í töflu 5.

Tafla 5 – Niðurstöður færslugreiningar fyrir tímabilið 1.1.2021-31.10.2021

Rekstrarframlag # 573620		Skýringar
Fjöldi færslna	11.331	
Heildargreiðslur	2.344 m.kr.	
Meðalframlag	206,9 þús.kr.	
Fjöldi kreditfærslna	74 (0,6%) 11,4 m.kr. (0.5%)	Leiðréttingafærslur vegna rangs framlags/nemandi hættur.
Fjöldi færslna yfir 400 þús.kr.	126 (1%) 72,8 m.kr. (3%)	Leiðréttingarfærslur vegna barna sem eru ekki skráð á réttum tíma.
Hæsta einstaka fjárhæð	3.868 þús.kr.	Vinagarður, nýr forstöðumaður áttaði sig ekki á því að barnið hafði aldrei verið skráð. Leiðrétting fór í gegnum samþykktarferli hjá yfirstjórn SFS
Skólar utan Reykjavíkur	33,8 m.kr. (1,4%)	2 í Garðabæ og 1 í Kópavogi.
Annað - leikskóladeildir grunnskóla		Leikskóladeildir Ísaksskóla og Landakotsskóla eru ekki starfræktar frá miðjum júní til miðs ágúst. Rekstrarframlög eru þó greidd fyrir 11 mánuði.

Húsnæðisframlag # 573630		Skýringar
Fjöldi færslna	7.606	Hjá Mánagarði er húsnæðisframlag að mestu leyti ranglega fært á bókhaldslykilinn #573620 með rekstrarframlagi.
Heildargreiðslur	217 m.kr.	
Meðalframlag	28,5 þús.kr.	

Leiðréttingafærslur bera með sér að gagnkvæmt eftirlit er virkt og til staðar og að ekki er mikið um leiðréttingar í hlutfalli við heildargreiðslur. Fullnægjandi skýringar fengust á einstaka háum fjárhæðum. Innbyggð vörn í kerfinu kemur í veg fyrir að greitt sé framlag fyrir barn á fleiri en einu úrræði.

Tillaga 3

Fimm ára leikskóladeildir Ísaksskóla og Landakotsskóla eru ekki starfræktar frá miðjum júní til miðs ágúst. Framlög eru greidd fyrir 11 mánuði eins og til annarra sjálfstætt starfandi leikskóla. Ísaksskóli starfrækir þó sumarskóla (vikunámskeið í senn) í júní og júlí sem foreldrar sækja um sérstaklega. Samningur kveður á um að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að heimilt sé að halda 6 skipulagsdaga á ári án þess að rekstrarframlag skerðist. Skoða þarf hvort óskert rekstrarframlag í 11 mánuði fyrir þessa skóla sé í samræmi við samning.

5.5 Gjaldskrár sjálfstætt starfandi leikskóla

Í samræmi við 8. grein samnings um framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla skal gjaldskrá vegna barna 18 mánaða og eldri aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá SFS vegna náms og fæðis barna í leikskólum borgarinnar margfölduð með 1,15. Sambærilegur leyfilegur hámarksstuðull vegna barna yngri en 18 mánaða skal vera 2,15. Leikskólunum ber að skila gjaldskrá til SFS í lok ágúst ár hvert.

IER rýndi gjaldskrár allra sjálfstætt starfandi leikskóla. Gjaldskrá er fyrir tvo flokka; Flokkur 1 eru giftir foreldrar, sambúðarfólk, annað foreldri í námi. Flokkur 2 eru einstæðir foreldrar, báðir foreldrar í námi, annað eða báðir foreldrar öryrkjar og starfsmenn leikskóla Reykjavíkur. Gjaldskrá í leikskólum borgarinnar miðast við dvalarstundir frá 4 klst. í 9,5 klst. Tafla 6 sýnir samtals námsgjald og fæðisgjald fyrir 8 og 9 klst. í hvorum flokki hjá Reykjavíkurborg annars vegar og hámarksgjald í hvorum flokki hjá sjálfstætt reknum leikskólum hins vegar.

Mismunandi er hvernig og hvort leikskólar birta gjaldskrár á heimasíðu sinni og í nokkrum tilfellum þurfti að kalla eftir upplýsingum. Mánaðarlegt hámarksgjald foreldra er dregið frá rekstrarframlagi og því mikilvægt að hafa eftirlit með gjaldskránni. Skoðun IER á gjaldskrá fyrir árið 2021 leiddi í ljós að sjö leikskólar eru með frávík frá heimilaðri hámarksgjaldskrá.

Tafla 6 – Gjaldskrá leikskóla Reykjavíkurborgar

Leikskólar Reykjavíkur gjaldskrá		
Ár 2021	Flokkur 1	Flokkur 2
8 klst	27.255	18.111
9 klst	38.053	22.576
Sjálfstætt reknir leikskólar hámarksgjaldskrá		
8 klst 18 mán-6 ára	31.343	20.828
9 klst 18 mán-6 ára	43.761	25.962
8 klst 18 mán og yngri	58.598	38.939
9 klst 18 mán og yngri	81.814	48.538

Í töflu 7 á næstu síðu sést í hverju frávík eru fólgin og umfang þeirra. Frávikin eru lituð eftir alvarleika, þ.e. rautt, appelsínugult og gult. Því er beint til SFS að athuga með frekari málsmeðferð vegna neðangreindra frávika.

Tafla 7 – Frávik í gjaldskrá frá hámarksheimild samkvæmt þjónustusamningi

Hjallastefnan Askja og Laufásborg	Í tveimur leikskólum Hjallastefnunnar eru rukkuð aukagjöld; þróunargjald Hjallastefnu og foreldrasjóður, samtals 5.400 kr. á mánuði. Við það hækkar leyfilegt hlutfall úr 1,15 í 1,35 – 1,42.		● Athuga hvort þróunargjald falli undir gjaldskrá.
Korpukot og Fossakot	Gjaldskrá eins hjá báðum (sami rekstraraðili). Mánaðargjald vegna barna 18 mánaða og yngri er hærri en heimilt er.	Hámarksstuðull sem á að vera 2,15 er á bilinu 2,3 upp í 3,2 mismunandi eftir dvalartíma og flokki. Gjaldskráin er því frá 7.206 – 21.307 kr. hærri á mánuði en heimilt er.	● Athuga með endurgreiðslu.
Skerjagarður	Hlutfall er lítillega hærri en heimilt er. Í flokki 1 er það 1,17 og 1,16 í flokki 2.	Gjaldskrá í flokki 1 er 635 kr. hærri en heimilt og í flokki 2 er hún 2.224 kr. hærri en heimilt er.	● Athuga með endurgreiðslu.
Sælukot	Mánaðargjald vegna barna 18 mánaða og yngri er hærri en heimilt er.	Hámarksstuðull sem á að vera 2,15 er á bilinu 2,37 – 2.63 mismunandi eftir dvalartíma og flokki. Gjaldskráin er því frá 6.764 kr. til 9.312 kr. hærri á mánuði en heimilt er.	● Athuga með endurgreiðslu.
Vinaminni	Gjaldskrá er ekki á heimasíðu. Óskað var eftir upplýsingum úr gjaldskrá. Í ljós kom að ofan á mánaðargjald er lagt svokallað Vinaminnisgjald sem er skilgreint sem viðbótarþjónusta við foreldra; 1) skólinn er ekki lokaður á skipulagsdögum, 2) umfram starfsmenn miðað við barnafjölda. Einnig auka fagfólk. 3) foreldramorgunverður á föstudögum.	Með Vinaminnisgjaldi hækkar stuðullinn og er á bilinu 1,34 - 1,5 mismunandi eftir flokki og dvalartíma. Gjaldskráin er því 6.056 kr. til 8.473 kr. hærri en heimilt er. Í október var faghlutfall 50 hjá Vinaminni sem er í fullu samræmi við meðalfaghlutfall allra sjálfstætt starfandi leikskóla. Vinaminnisgjald er ekki valkvætt, allir foreldrar greiða gjaldið.	● Athuga hvort forsendur fyrir viðbótarþjónustu við foreldra og gjaldtaka standist.

Í janúar 2021 barst IER nafnlaus kvörtun frá foreldri leikskólabarns um að gjaldskrá skólans væri ekki í samræmi við hámarksheimild samkvæmt þjónustusamningi. Erindið var sent miðlægru skrifstofu SFS til athugunar. Skrifstofa SFS hafði þá þegar vitneskju um málið og var hafin könnun á málinu. Í kjölfar athugunar endurgreiddi skólinn foreldrum leikskólagjöld umfram heimildir og var málinu lokað með bréfi þann 29. janúar 2021.

Gjaldskráin var 16.902 kr. hærri en hámarksheimild á barn á mánuði. Leikskólanum var gert að endurgreiða oftekið gjald og náðu endurgreiðslur aftur til ágúst 2020 og fram til desember 2020 samtals 1.571.863. Eftirfylgni með endurgreiðslu af hálfu SFS fór þannig fram að nokkrir foreldrar úr hópi þeirra sem áttu rétt á endurgreiðslunni voru spurðir og fékkst staðfesting á því að endurgreiðslan átti sér stað. Umræddur leikskóli er ekki með heimasíðu og í könnun sinni þurfti IER að kalla eftir gjaldskrá. Samkvæmt fengnum upplýsingum er gjaldskráin nú í samræmi við hámarksheimild en brýnt er að birta gjaldskrá þannig að foreldrar og eftirlitsaðilar geti fylgst með.

Í svari SFS við spurningu IER um rýni gjaldskráa hjá fleiri leikskólum vegna þessa atviks kom fram að SFS sé í reglulegum samskiptum við foreldra og leikskólastjóra í tengslum við gjald og gjaldtöku og það komi fram að gjaldtaka hjá öðrum leikskólum er rétt. Þrátt fyrir að SFS hafi aðgang að gjaldskrá í gegnum heimasíðu skólanna og fái senda gjaldskrá er virkt eftirlit með gjaldskrám ekki til staðar og ekki virðast hafa verið gerðar athugasemdir vegna framangreindra frávika. Frávikatafla vegna sjö leikskóla hér að framan bendir til þess að fara þurfi í markvisst og reglubundið eftirlit með gjaldskrám.

Ábending 2

Reykjavíkurborg birtir gjaldskrá leikskóla borgarinnar á heimasíðu sinni 1. janúar ár hvert. Virkt eftirlit þarf að vera með því að sjálfstætt starfandi leikskólar geri slíkt hið sama og að reglubundið eftirlit sé með því að gjaldskrá sé í samræmi við heimild í þjónustusamningi. SFS athugi með frekari málsmeðferð vegna sjö leikskóla með frávik í gjaldskrá.

5.6 Skil á ársreikningi og rýni SFS á rekstrarhæfni og fjárhagsstöðu

Í samræmi við 10. grein samnings um framlag SFS til sjálfstætt starfandi leikskóla skal leikskólinn afhenda ársskýrslu og gjaldskrá fyrir lok ágúst ár hvert. Þá skal leikskólinn senda SFS endurskoðaðan ársreikning um liðið fjárhagsár sem gerður er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og góða reikningsskilavenju auk skýrslu stjórnar fyrir 1. maí ár hvert. Fjárhagsár nokkurra leikskóla miðast við upphaf skólaárs 1. september hverju sinni; leikskólar Félagsstofnunar stúdenta og Hjallastefnan. Þessir aðilar ásamt Skólum ehf., sem reka Ársól ungbarna-leikskóla, senda inn samstæðureikninga fyrir alla starfsemina. Félagsstofnun stúdenta sendir auk þess rekstraryfirlit yfir leikskólana þrjá sem þeir reka. Hjá Hjallastefnunni er sérstakt einkahlutafélag sem heldur utan um rekstur leikskólanna en félagið sendir inn samstæðu-uppgjör. Leikskóladeild Ísaksskóla, Landakotsskóla og Waldorfsskóla eru óaðskildar frá grunnskólahlutanum í ársreikningi skólanna. IER óskaði eftir upplýsingum og viðmiðum SFS við rýni á ársreikningunum. Ekki er um markvissa rýni að ræða, ekki eru skoðaðar kennitölur eða rekstrarhæfi, aðeins er athugað hvort einingin er starfhæf.

Margir leikskólanna eru í eigu eins eða tveggja fagaðila (leikskólakennara) sem annað hvort starfa sem forstöðumenn eða framkvæmdastjórar við skólana. Nokkrir leikskólar hafa úthlutað umtalsverðum arði en Reykjavíkurborg setur engin skilyrði um arðgreiðslustefnu eða meðhöndlun rekstrarhagnaðar eins og gert er í þjónustusamningi við grunnskóla, þar sem er ákvæði um að rekstrarafgang af starfsemi skólanna, sem rekja má til opinberra fjárveitinga, skuli nýta til að efla skólastarfið og í ársskýrslu skuli gerð grein fyrir því hvernig sá rekstrarafgangur sé metinn og hvernig honum er varið. Full ástæða er til þess að regluleg rýni með skilgreindum viðmiðum fari fram af hálfu SFS.

Í töflu 8 hefur IER tekið saman yfirlit yfir rýni ársreikninganna fyrir árin 2020 og 2019. Rýni og athugasemdir eru litaðar eftir alvarleika, þ.e. rautt, appelsínugult og gult.

Tafla 8

Leikskóli	Afkoma og kennitölur	Rýni og athugasemdir IER	Endurskoðun ársreiknings	Eigendur
Ársól (Skólar ehf) Tekjur alls 1.015 m.kr. Rekstur 3ja annara leikskóla í Kópavogi, Grindavík og Reykjanesbæ	Ár 2020 Tap 36,3 m.kr. Ár 2019 Tap 13,5 m.kr. Eigð fé neikvætt -43,5 m.kr. Eiginfjárlutfall -58% Veltufjárlutfall 0,32	Árið 2019 var greiddur 14,4 m.kr. arður út úr félaginu og 6,5 m.kr. 2018 eða alls 20,9 m.kr. á tveimur árum. Ekki er heimilt skv. lögum að greiða út arð í einkahlutafélagi af neikvæðu eigin fé. Eigð fé varð neikvætt 2019 Ýmsar skammtímaskuldir 72,5 m.kr. Kröfur á tengd félög 30 m.kr. (arður?) Rekstrar- og gjaldhæfi óviðunandi, félagið stefnir í gjaldþrot.	Reikningur endurskoðaður af Deloitte	Einn hluthafi skv. ársreikningi er hluthafinn Nice and Spicy en skv. fyrirtækjaskrá er raunverulegur eigandi Guðmundur Pétursson sem jafnframt er framkvæmdastjóri og stjórnarformaður
Fossakot og Korpukot (L.F.A.ehf) Tekjur alls 415 m.kr.	Ár 2020, tap 6,4 mkr Ár 2019, tap 7,9 mkr Eigð fé 18 m.kr. Eiginfj.hlf 25% Veltufj.hlf 1,26	Fastafjármunir eru 3 bifreiðar Fasteignir Fossaleynir 4 og Fossaleynir 12 þinglýstur eigandi Valsson ehf (hluthafi í L.F.A Fasteignir leigðar rekstrarkostnaður fasteigna 59,8 m.kr. Stjórn telur fjárhagslega stöðu viðunandi	Skil aðstoðar við gerð ársreiknings, án endurskoðunar	Einn hluthafi Valsson ehf , hluthafar í Valsson eru tveir framkvæmdastjóri og endurskoðandinn sem aðstoðar við gerð ársreiknings.
Leikgarður, Sólgarður,Mánagarður (Félagsstofnun stúdenta) Tekjur 3ja leikskóla 818,4 m.kr.	Ár 2020 hagnaður samstæðu 4.748 m.kr. Reka bóksölu, veitingasölu, stúdentagarða og leikskóla Eigð fé 29.932 m.kr.	Heildarhagnaður þriggja leikskóla 14,4 m.kr. Leikgarður 6,4 m.kr. hagnaður Sólgarður 4,2 m.kr. hagnaður Mánagarður 3,7 m.kr. hagnaður	Reikningur endurskoðaður E&Y	Félagsstofnun stúdenta er, fjárhagslega mjög sterkt félag. Reikningur er fyrir samstæðu en rekstraryfirlit leikskóla fylgir með.
Leikskólinn Lundur ehf Tekjur 131,5 m.kr.	Ár 2020 hagnaður 8,8 m.kr. Ár 2019 hagnaður 17,9 m.kr. Eigð fé 56,6 m.kr. Eiginfj.hlutf 56% Veltufj.hlutf. 2,29	Háar skammtímakröfur 100,4 m.kr óskýrðar. Ógreidd opinber gjöld stór hluti viðskiptaskulda 32,2 m.kr. Vísbinding um erfiða lausafjárstöðu. Skammtímaskuldir hækka úr 5,7 m.kr. í 43,8 m.kr. milli ára. Blikur á lofti.	GT aðstoðar við gerð árs-reiknings, án endurskoðunar	Einn hluthafi sem er framkvæmdastjóri.
Barnaheimilið Ós Tekjur 82,6 m.kr.	Ár 2020, tap 8,6 m.kr. Ár 2019 Hagnaður 3 m.kr. Eigð fé 10,5 m.kr. Eiginfj.hlf 76% Veltufj.hlutf 4,18	Hagnaður fellur um 11,6 m.kr. milli ára. Laun hækka um 16,8% eða 10,6 m.kr. Þinglýstur eigandi fasteignar er Reykjavíkurborg, mánaðarleigugreiðsla er 500 þús.kr. Rekstrarhæfi viðunandi en lítið má út af bregða.	Deloitte staðfestir ársreikning í samræmi við bókhald, án endurskoðunar	Stjórn skráð sem eigandi, foreldrarekinn leikskóli

Leikskóli	Afkoma og kennitölur	Rýni og athugasemdir IER	Endurskoðun ársreiknings	Eigendur
Regnboginn (Dignitas ehf) Tekjur 199 m.kr.	- Ár 2020 Hagnaður 11,5 m.kr. - Aðeins liggur fyrir rekstraryfirlit. Ekki hægt að meta rekstrarhæfi.	- Rekstraryfirlit á einu blaði, án efnahagsreiknings. Ófullnægjandi skil á ársreikningi - Fasteign í eigu Dignitas ehf	Rekstraryfirlit undirritað af Reikniver ehf.	Tveir hluthafar samkvæmt fyrirtækjaskrá, en eru ekki skráðir á meðal stjórnenda eða starfsfólks
Skerjagarður ehf Tekjur 159 m.kr	- Ár 2020 Hagnaður 7,9 m.kr - Ár 2019 Hagnaður 9,6 m.kr - Eigið fé 22,3 m.kr - Eiginfj.hlf. 24% - Veltufj.hlutfall 1,72	- Rekstrarhæfi viðunandi. Ítarlegur ársreikningur með tölfræði og kennitölum. Félagið á fasteign á bókf.verði 75 m.kr en langtímaskuldir 64,5 m.kr - Tillaga um arðgreiðslu vegna ársins 2020 er 14 m.kr. Greiddur arður 2020-2019 alls 20 m.kr. Arðgreiðslustefna að ganga á eigið fé?	Endurskoðun BT veitir aðstoð við gerð ársreiknings án endurskoðunar	Tveir hluthafar annar er leikskóla-stjórinn. Þinglýstur eigandi fasteignar Skerjagarður ehf
Sælukot Tekjur 174,8 m.kr.	- Ár 2020 Hagnaður 41,8 m.kr - Ár 2019 Hagnaður 15,7 m.kr - Eigið fé 132,6 m.kr - Eiginfj.hlutf 95% - Veltufj.hlutfall 7,21	- Fjárhags- og rekstrarstaða gífurlega sterk. Langtímalán sem tekið var 2019, greitt upp á árinu 2020 - Sælukot kaupir íbúðarhús að Einarsnesi 8 árið 2019 ekki vitað til hvaða nota. Greiðir húsaleigu 19,7 m.kr á ári vegna þorragötu 1 til Sælutraðar	KPMG aðstoðar við gerð ársreikning án endurskoðunar	- Einn hluthafi og sami eigandi að Sælu-koti og Sælutröð - Fjölmíðlaumfjöllun 2021 um slæman aðbúnað starfsfólks og barna. Of fátt starfsfólk, kynferðisbrot ofl. Krafa um að leikskóla verði lokað.
Vinagarður (KFUM og KFUK) Tekjur 216,1 m.kr.	- Ár 2020 Hagnaður 12,3 m.kr. - Eigið fé 30,6 m.kr - Eiginfj.hlutf 93% - Veltufj.hlutf 15,2 - Ár 2019 Tap 24,5 m.kr.	- Eignir samanstanda af viðskiptakröfum við KFUM&K að mestu leyti. Ástæða fyrir tapi 2019 má rekja til 40 m.kr. lægri styrkja. Rekstrargjöld hækka ekki milli ára - Mjög sterk fjárhags- og eiginfjárstaða með sterkan rekstrarlegan bakhjarl (KFUM&K)	Ársreikningur endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda	Samkvæmt fyrirtækjaskrá er einn einstaklingur skráður raunverulegur eigandi.

Leikskóli	Afkoma og kennitölur	Rýni og athugasemdir IER	Endurskoðun ársreiknings	Eigendur
Vinaminni Tekjur 260 m.kr.	- Ár 2020 Hagnaður 26,5 m.kr. - Ár 2019 Hagnaður 15 m.kr. - Eigið fé 27,2 m.kr. - Eiginfj.hlutf 62% - Veltufj.hlutfall 2,43	- Arðbær rekstur, stöðug og sterk rekstrarafkoma. Hagnaður greiddur út til eiganda. - Úthlutaður arður 2020 15 m.kr. og 2019 49,9 m.kr. alls tæpar 65 m.kr. á tveimur árum. Arðgreiðslustefna? Húsaleiga 8,6 m.kr. á ári. Þinglýstur eigandi fasteignar er húsfélagið Asparfelli 2-12	Aðstoð við gerð ársreiknings án endurskoðunar	Tveir hluthafar. Annar er leikskóla-stjórinn sem er á launaskrá og fær einnig umtalsverðan arð af starf-seminni. Leikskólinn innheimtir svokallað Vinaminnisgjald umfram hámarksheimild í samningi.
Krílasel Tekjur 60,2 m.kr.	- Ár 2020 Hagnaður 10,1 m.kr. - Ár 2019 Hagnaður 3,3 m.kr. - Eigið fé 12,7 m.kr. - Eiginfj.hlutfall 56% - Veltufj.hlutf. 2,28	- Ársreikningur gefur takmarkaðar upplýsingar, skýringar og sundurliðanir fylgja ekki. - Arðbær rekstur og góð rekstrarleg staða	Calculus aðstoðar við gerð ársreiknings án endurskoðunar	Tveir hluthafar, þinglýstur eigandi húsnaðis er stofnandi Krílasels

IER setur fram nokkrar alvarlegar athugasemdir varðandi rýni ársreikninga. Rekstrarfélag eins leikskóla er með óviðunandi rekstrar- og gjaldhæfi og stefnir í gjaldþrot. Auk þess hefur eigandinn greitt út arð með neikvætt eigið fé sem er ekki í samræmi við lög um einkahlutafélög.⁴ Nokkuð er um að fasteignir leikskóla séu í eigu félags sem jafnframt er í eigu hluthafa/eigenda leikskólans. Einn leikskóli hefur fjárfest í íbúðarhúsi hvers notkunaróljós og annar leikskóliskráir fasteign í miðbæ Reykjavíkur á bókfærðu verði sem er 15% af fasteignamati. Rekstrartekjur eru ekki sundurliðaðar og því ekki hægt að vita hvort félagið leigi fasteignina út. Hjá nokkrum leikskólum er greiddur út umtalsverður arður til eigenda sem jafnframt eru á launaskrá hjá leikskólanum. Svo virðist sem arðgreiðslustefna sé að ganga jafnt og bítandi á eigið fé hjá nokkrum skólanna. Vaxandi skuldasöfnun, einkum ef um er að ræða opinber gjöld, er áhyggjuefni. Svíkemisáhætta er nokkur í rekstri leikskóla, einkum sú áhætta að blanda persónulegum

kostnaði eigenda saman við leikskólarekstur, (bifreiðar, íbúðir, matarkostnaður og annar persónulegur kostnaður). Nauðsynlegt er að auka gagnsæi á helstu lykiltölur í rekstri skólanna, s.s. leiguverð á fermeter, matarkostnað á barn, laun stjórnenda og meðallaun. Hjá Reykjavíkurborg er um mikla orðsporsáhættu að ræða ef rekstur sjálfstætt starfandi skóla samræmist ekki meðferð á opinberu fé. Rekstrarframlagið miðar að því að reksturinn standi undir sér, en ekki sé stundaður annars konar hliðarrekstur. Fram kom hjá SFS að skil á ársreikningum séu í sumum tilfellum slæm og kalla þurfi ítrekað eftir gögnum.

⁴ 74. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög

» Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. ...

» Í móðurfélagi er óheimilt að úthluta það miklum arði að andstætt sé góðum rekstrarvenjum með tilliti til fjárhagsstöðu samstæðunnar enda þótt arðsúthlutun sé annars heimil.

Ábending 3

Setja verður skýr viðmið og leiðbeiningar við framsetningu, sundurliðun og rýni ársreikninga og viðbrögð SFS ef leikskólinn er með neikvætt eigið fé og óviðunandi rekstrar- og gjaldhæfi. Skoðað verði að setja kvöð um arðgreiðslur og markaðsleiguverð á fermetra, að rekstrarafgang af starfsemi leikskólanna, sem rekja megi til opinberra fjárveitinga skuli nýta til að efla leikskólastarfið og að í ársskýrslu skuli gerð grein fyrir því hvernig sá rekstrarafgangur sé metinn og hvernig honum sé varið.

Ábending 4

Fáir ársreikningar eru endurskoðaðir þrátt fyrir ákvæði um slíkt í 10. grein samnings. Skýringar á þessu er sagðar vera að endurskoðun geti reynst fjárhagslega íþyngjandi fyrir minni leikskóla. Ef samningsaðilar sætta sig við að leikskóli uppfylli ekki samningsskilyrði þarf að breyta skilyrðum og setja viðmið um hvenær ásættanlegt er að móttaka óendurskoðaðan ársreikning. Þögult samþykki um brot á ákvæði í samningi er ekki viðunandi.

Kalla þarf eftir ársreikningi fyrir Hjallastefnuna (Leikskólar ehf.) og jafnframt rekstraryfirliti fyrir leikskóladeildir þegar þær eru hluti af annarri starfsemi.



5.7 Árlegt eftirlit af hálfu SFS

Árlega fara starfsmenn SFS í eftirlit með sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík. Farið var í eftirlitsheimsóknir í 17 sjálfstætt starfandi leikskóla á tímabilinu 1. – 11. nóvember 2021. Niðurstaða eftirlits var að hjá 15 leikskólum var eftirlit án athugasemda þar sem rými og aðstaða voru í lagi, sem og skil á umbeðnum fylgigögnum.

Eftirfarandi athugasemdir voru gerðar af hálfu eftirlitsaðila:

Barnaheimilið Ós: Í reglubundnu árlegu eftirliti á Barnaheimilið Ós, með rafrænum fundi eftirlitsaðila og heimsókn, er gerð sama athugasemd og fyrri ár (2016, 2017, 2018, 2019, 2020) er varðar skil á lögbundnum gögnum, þ.e. skólanámskrá vantar. Önnur gögn sem óskað var eftir var skilað fyrir rafrænan fund með eftirlitsaðilum. Eftirlitsaðilar vísa málinu áfram til úrlausnar á fagskrifstofu leikskólamála SFS.

Leikskólinn Sælukot: Athugasemdir komu fram varðandi leikskólann Sælukot á því tímabili sem eftirlitið fór fram og hefur það farið í nánari skoðun hjá skrifstofu SFS sem vinnur áfram með málið.

Eftirlitið fer fram eftir skilgreindum gátlista:

1. Eftirlit boðað og óskað eftir gögnum:

- » Skólanámskrá, starfsáætlun, leyfisbréf leikskólastjóra
- » Umbótaáætlun ytra mats⁵ (ef leikskólinn hefur farið í ytra mat á árinu)
- » Listi yfir starfsmenn, starfshlutfall, starfsheiti og menntun
- » Upplýsingar um fjölda barna á deildum
- » Ársskýrsla og gjaldskrá
- » Leikskólastjóri fékk senda rafræna könnun sem er hluti af eftirlitinu

2. Rafrænn fundur með stjórnendum þar sem farið er yfir skil á innsendum gögnum

3. Heimsókn í leikskólann

⁵ Menntamálastofnun; Samantekt – ytra mat leikskóla árin 2015–2021 https://mms.is/sites/mms.is/files/ytra_mat_leiksk_samantekt.pdf

-
- » Gengið er um leikskólann í fylgd stjórnenda og fengin innsýn í starfið á deildunum og almennt skipulag
-
- » Horft er til uppeldis- og menntastarfs og hvernig lýðræði barna birtist í leikskólastarfinu
-
- » Viðmót, leikskólabragur og skipulag á vettvangi
-

4. Úrvinnsla og niðurstöður eftirlits

-
- » Allir sjálfstætt starfandi leikskólar fá upplýsingar um niðurstöður
-
- » Málum um athugasemdir er vísað til fagskrifstofu SFS sem vinnur áfram með leikskólanum að úrlausn mála
-

Ábending 5

Óskað er eftir gjaldskrá, ársskýrslum og ársreikningum án þess að fari fram rýni á þessum gögnum. Í sex ár í röð hefur sami leikskólinn fengið athugasemd vegna þess að skólanámskrá vantar. Að mati IER er jákvætt að það sé árlega farið í eftirlit með sjálfstætt starfandi leikskólum og uppfyllir SFS þannig skilyrði 10. greinar samnings. IER telur að setja þurfi eftirlitsviðmið varðandi þau gögn sem kallað er eftir og til hvaða aðgerða skuli gripið ef leikskólinn uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru.

6. Viðauki – Áhættuflokkun ábendinga IER

Viðmið	 Mikil áhætta	 Meðal áhætta	 Lítil áhætta
Áhrif á fjárhagslega stöðu og/eða áreiðanleika gagna Hættan á fjárhagstjóni eða skorti á áreiðanleika gagna	Líkur eru á verulegum neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna/upplýsinga í fjárhags-upplýsingakerfum	Líkur eru á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna	Takmarkaðar líkur á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna
Sviksemisáhætta. Hættan á því að sviksemi eigi sér stað, t.d. vegna skorts á starfaðgreiningu	Miklar líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða mikil tækifæri til sviksemi	Líkur á verulegri skekkju hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða tækifæri til sviksemi	Takmörkuð hætta á verulegri skekkju hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka
Innri reglur og skriflegar leiðbeiningar Stefnur, verklagsreglur, verkferlar og leiðbeiningar	Miklar líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða mikil tækifæri til sviksemi	Vantar mikilvæga þætti inn í ferla og reglur og/eða nokkuð um frávík frá fylgni við reglur	Tækifæri til að bæta ferla og reglur og/eða einstaka frávík frá fylgni við reglur
Ytri kröfur. Lög, reglur, reglugerðir, leiðbeinandi tilmæli	Engin fylgni við lög og reglur eða tíð frávík	Nokkuð um frávík við fylgni við lög og reglur	Tækifæri til að bæta enn frekar fylgni við lög og reglur
Orðsporsáhætta. Hættan á því að orðspor laskist	Miklar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Takmarkaðar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun
Tímafrestur viðbragða			
Meginregla tímaramma en frá honum geta verið eðlileg frávík ákveðin í hverju tilviki fyrir sig, til dæmis ef flækjustuðull viðbragða er mikill	Sem fyrst, innan 3ja mánaða	Innan 6 mánaða	Innan 12 mánaða



Innri endurskoðun og ráðgjöf
Guðrúnartúni 1 | 105 Reykjavík

innriendurskodun.is
innriendurskodun@reykjavik.is